



Ályktun frá Landsambandi eldri borgara

Stjórn LEB – Landssambands eldri borgara bendir á að í öllum þeim aðgerðum sem stjórnvöld hafa gert til að koma til móts við fyrirtæki og einstaklinga vegna þeirra áhrifa sem kórónuveiran hefur á þjóðfélagið er hvergi minnst á aðgerðir sem snerta hagsmuni eldri borgara landsins.

Margir eldri borgarar þurfa á víðtækri þjónustu að halda eins og að fara í mótuneyti, verslanir og apótek, margir í leigubíl. Nú þurfa eldri borgarar að fá sendingar heim sem felur í sér aukinn kostnað.

Stjórn LEB skorar á sveitarfélögin að taka upp gjaldfrjálsa heimsendingu til þeirra eldri borgara sem þurfa að fá sendingar heim til sín.

Stjórn LEB skorar á sveitarfélögin að lækka fasteignagjöld sem kemur öllum til góða.

Stjórn LEB telur í því ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu gæti verið rétt að leggja fram fé til Tryggingastofnunar ríkisins til að sinna þeim verst settu.

Stjórn LEB skorar á ríkisvaldið að stíga nú það skref að hækka almenna frítekjumarkið í 50 þús.kr. á mánuði. Sú aðgerð mun auka ráðstöfunartekjur sambýlinga um 7.094 kr.á mánuði og hjá einbýlingum um 8.970 kr. á mánuði eftir skatt.

Stjórn LEB skorar á stjórnvöld að afgreiða frumvarp að lögum nr.666 sem nú eru til umsagnar. Þau eru um félagslega aðstoð við fólk með skerta búsetu.

25.mars 2020

Stjórn LEB – Landssambands eldri borgara

Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður
Valgerður Sigurðardóttir gjaldkeri
Ellert B. Schram meðstjórnandi
Ingólfur Hrólfsson varamaður

Haukur Halldórsson varaformaður
Dagbjört Höskuldsdóttir ritari
Drífa Sigfúsdóttir varamaður
Ólafur Ingólfsson varamaður